

3. fundur starfsárið 2020-2021

Jólafundur Beta-, Mý- og Nýdeilda var að þessu sinni haldinn á Zoom þann 18. nóvember 2020 kl. 19:00.

Setning fundar

Katrín Fjóra formaður Mýdeildar bauð fundarkonur hjartanlega velkomnar á sameiginlegan jólafund deildanna og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Jólaminning

Ragnheiður Sigurðardóttir Betasystir sagði frá minningum sínum um jól á Grenjaðastað í æsku sinni og uppvexti. Hún sagði frá hefðbundnum jólaundirbúningi þess tíma þar sem þrif, bakstur og laufabrauðsgerð frá grunni settu svip á aðdraganda jóla ásamt kaupstaðaferðum, eplum, appelsínum og hangikjötslykt. Jólin sjálf einkenndust af leikjum, spilum og jólaboðum í bland við helgihald og í minningunni haldið fast í einstakar hefðir.

Gestur fundarins

Óskar Þór Halldórsson var að þessu sinni gestur fundarins. Hann sagði konum frá nýútkominni bók sinni *Á Ytri Á* sem er saga Mundínu Þorlákisdóttur og Finns Björnssonar sem bjuggu á bænum Ytri Á á Kleifum í Ólafsfirði. Hjón sem eignuðust tuttugu börn á árunum 1917 – 1945 og lifðu af landbúnaði og sjósókn í samfélagi sem einkenndist af sjálfspurftarbúskap. Óskar las kafla úr bók sinni sem varpar einstöku ljósi á móðurina Mundínu. Áhugaverð og lifandi frásögn Óskars Þórs hreyfði sannarlega við okkur sem á hlýddu.

Bingó

Tæknin hafði sannarlega strítt konum við að koma Óskari Þór inn á fundinn en bingóið gekk glatt undir stjórn Katrínar Fjólu. Spilaðar voru þrjár umferðir í bingói og hlutu þrjár heppnar konur bókina *Á Ytri Á* í vinning.

Fundarslit

Lára Gunndís Magnúsdóttir Nýsystir flutti lokaorð fundarins. Hún talaði um nýjar upplifanir og lærdóm sem má draga af þeim aðstæðum sem skapast hafa á árinu vegna covid, hvernig við höfum öðlast ný sjónarhorn og breytt gildi. Lára þakkaði fyrir samveru kvöldsins og sérstaklega þeim sem stóðu að undirbúningi sem og Ragnheiði og Óskari fyrir þeirra fróðlega framlag. Lára slökkti á kertum og sleit fundi kl. 21:20.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir